

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. september 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., 787. mál

Vísað er til tölvupósts dags. 22. ágúst s.l. þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskar eftir athugasemdum SFF við breytingartillögur frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

SFF hafa yfirfarið tillögur að breytingum á 7. gr. frumvarpsins. SFF fagna því að ráðuneytið leggur til að upphaflegt ákvæði verði fellt brott. Tillaga að nýrri 7. gr. frumvarpsins (7. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt) hljóðar svo:

Allir aðilar sem eru upplýsingaskyldir samkvæmt þessari grein, og inna af hendi greiðslur til erlendra aðila, skulu afla upplýsinga um erlendar skattkennitölur (TIN) þeirra sem skattskyldir eru samkvæmt 3. gr. og aðra þá sem upplýsingar samkvæmt þessari grein varðar. Upplýsingum um erlendar skattkennitölur skal skilað til ríkisskattstjóra í tengslum við þær upplýsingar sem þessi grein tekur til.

Skilja verður breytingartillöguna þannig að sett sé regluleg upplýsingaskylda á fjármálafyrirtæki þannig að þeim beri að afla upplýsinga um erlendar skattkennitölur (a) aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og (b) aðra þá sem upplýsingar samkvæmt 92. gr. varðar. Í greinargerð segir að sagt að lagt sé til að íslenskum skattaðilum verði gert skylt að afla upplýsinga um erlendar skattkennitölur (TIN) „þegar greiðslur fara frá íslenskum skattaðilum til erlendra skattaðila“. Ummælin í greinargerð endurspeglast ekki í frumvarpstextanum.

Í breytingartillögunni virðist vera ætlast til meiri upplýsingaöflunar en nú tíðkast samkvæmt núgildandi regluverki. Ekki er þó alveg ljóst hvort að meiningin með breytingartillögunni er að ganga lengra en nú er gert. Því það má einnig skilja af orðalagi í greinargerð að ætlunin með ákvæðinu sé að tryggja að skattyfirvöld geti kallað eftir gögnum um TIN númer, sem fjármálafyrirtæki safna á grunni FATCA (e. Foreign Account Tax Compliance Act) samningi Íslands og Bandaríkjanna og alþjóðleglegum staðli um upplýsingaskipti í skattamálum (e. Common Reporting Standard/CRS). Ef að meiningin með breytingartillögunni er að upplýsingaöflun sé sú sama og CRS og FATCA gera ráð fyrir telja SFF vel gerlegt að fjármálafyrirtæki sinni reglulegri upplýsingaskyldu á þeim grunni. En samtökin vekja athygli á

að samkvæmt CRS er eingöngu kallað eftir TIN númeri við stofnun bankareiknings. Ákvæði breytingartillögunnar gengur mun lengra. Ef ætlunin með breytingatillögunni er að ganga lengra en CRS í upplýsingaöflun um TIN númer telja SFF það vera nær óframkvæmanlegt. Það myndi líklega leiða til þess að viðskiptalífið myndi hægja svo verulega á sér að öngþveiti gæti skapast.

Til upplýsinga vilja SFF benda á eftirfarandi atriði þessu tengd:

1. Áætla má að frá einum banka fari um 14000 greiðslur á mánuði til erlendra skattaðila.
2. Í dag þarf sendandi greiðslu ekki að gefa upp TIN númer þegar hann sendir greiðslu til erlends skattaðila. Ef taka á slíka skyldu upp kallar það á breytingar á kerfum og leggur þá skyldu á sendanda að þekkja TIN númer viðtakanda. Reynslan við innleiðingu á CRS og FATCA hefur leitt í ljós að erfitt og tímafrekt getur verið að afla upplýsinga um TIN þar sem viðskiptavinir eru ekki meðvitaðir um TIN númer erlendra viðskiptaáðila.
3. Ýmsar spurningar vakna um framkvæmd ef ætlunin er að auka kröfur um öflun TIN númera svo sem eftirfarandi:
 - a. Er meiningin að hertar reglur gildi einnig um innanlandsgreiðslur til erlendra skattaðila?
 - b. Á bara að senda TIN númer? Eða á að tengja við TIN númerið nafn, færslu, dagsetningu, tilgang viðskipta, upphæð, o.s.frv.?
 - c. Á að senda upplýsingar um allar færslur eða verður miðað við ákveðin fjárhæðarmörk?
 - d. eru önnur lönd að taka þetta upp eða ætlar Ísland að ganga lengra en önnur ríki? Innleiðing á FATCA og CRS hefur kallað á mikla vinnu og kerfisbreytingar. Þeirri vinnu er ekki lokið þar sem innleiðing er flókin og tekur nokkur ár.
 - e. Swift kerfið er áratuga gömul aðferð sem hefur virkað mjög vel til að senda peninga á milli landa. Flestar þjóðir nota hana. Sú spurning vaknar hvort yfirhöfuð er hægt að bæta TIN við Swift-skeyti og hvort aðrar þjóðir geti móttekið séríslenskar kröfur um upplýsingar og hvort kerfið þoli breytingarnar. Ef gera á breytingar á rótgrónu samstarfi um peningasendingar á milli landa þá þarf samstarf um það á milli landa.

Samkvæmt framansögðu leggja SFF til að regluleg upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja verði á grunni upplýsingaöflunar um TIN númer skv. CRS og FATCA en ekki verði gengið lengra en það. Skýra þarf orðalag ákvæðisins og skýringar með því þannig að öll tvímæli séu tekin af um að skilja beri ákvæðið með þeim hætti.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.